

13. október 1980.

849

Nr. 534.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um samráð stjórnvalda við samtök launafólks, bænda og atvinnurekenda í efnahags- og kjaramálum nr. 405 27. september 1979.

1. gr.

Upphaf 6. gr. orðist svo:

Í októbermánuði ár hvert skal forsætisráðherra kalla samráðsaðila til sameiginlegs fundar og leggja fyrir þá til kynningar og umfjöllunar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta. Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstjórnin setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13 10. apríl 1979 og öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 13. október 1980.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.

13. október 1980.

Nr. 535.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 279 24. júní 1980 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum.

1. gr.

Neðangreind tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar: 73.13.51 og 76.03.01.

2. gr.

Heimilt skal vegna niðurfellingar sérstaks vörugjalds skv. 1. gr. að endurgreiða sérstakt vörugjald af birgðum þakjárns sem óseldar eru við gildistöku reglugerðar þessarar. Beiðni um endurgreiðslu sérstaks vörugjalds skal send viðkomandi tollstjóra ásamt tollskoðunarskýrslu um óseldar birgðir á gildistökudegi reglugerðarinnar auk tollafgreiðsluskjala ef um innfluttar vörur er að ræða en reiknings framleiðanda ef um innlenda framleiðslu er að ræða og skal þá reikningur bera greinilega með sér fjárhæð greidds sérstaks vörugjalds.

B 107